

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Garðabær, 8. október 2025
202509-0066/Á.G.
08.05

Efni: Ósk um umsögn - Tillaga að friðlýsingu menningarlandslags Laugarnestanga Minjastofnun Íslands.

Vísað er til erindis Minjastofnunar Íslands er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsingu menningarlandslags á Laugarnestanga. Í drögum að friðlýsingarskilmálum kemur fram eftirfarandi lýsing.

Minjastofnun Íslands hefur lagt fram tillögu að friðlýsingu Laugarnestanga og afmarkast svæðið af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagörðum til austurs og Sæbrautar til suðurs og er um 11,6 ha. að stærð. Ekki er gert ráð fyrir 100 metra friðhelguðu svæði umhverfis hið friðlýsta svæði og jafnframt fellur úr gildi núgildandi 100 metra friðhelgun bæjarhóls Laugarness og hins gamla kirkjugarðs. Undanskilin friðlýsingu þessari eru mannvirki Veitna sem þegar eru til staðar á svæðinu og mannvirki sem þegar eru reist og sem heimildir eru fyrir skv. gildandi skipulagi til að reisa á lóðunum Laugarnestangi 60, 62, 65 og 70 ásamt því lausafé sem er á eða við umræddar lóðir.

Á Laugarnestanga má sjá áhrif mannsins á umhverfi sitt allt frá upphafi byggðar í Reykjavík fram á okkar daga. Menningarlandslag Laugarnestanga er því mikilvægur hluti af sögu Reykjavíkur og er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa svo heildstætt menningarlandslag.

Náttúruverndarstofnun tekur undir tillögu Minjastofnunar Íslands enda Laugarnesið gott dæmi um svæði með djúpar menningarlegar rætur og fjölbreytta náttúru. Náttúruverndarstofnun bendir á verðmæti fjölbreytt náttúrlífs á svæðinu sem styður við friðlýsingu minjanna sem órjúfanlegur hluti af menningarlandslaginu á Laugarnestanga.

Fjaran

Fjaran við Laugarnestanga er einstök en hún er eina ósnerta fjaran við norðurströnd Reykjavíkur og verndargildi hennar hátt. Hún er nr. 123 á Náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, en þar segir:

„Vesturhorn Laugarness, Reykjavík. (1) Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. (2) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem að mestu er óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum“.

Vistgerðir og Fuglalíf

Margar vistgerðir finnast á Laugarnesinu sem ber glögg vitni um lífræðilega fjölbreytni svæðisins eins og hraungambraðavist, mosamóavist, grasengjavist, fjöruvist, lyngmóavist og gulstaraflóavist. Síðustu tvær vistgerðirnar eru mólendi og flæðilönd sem hafa hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningsins 2014. Gulstaraflóavist hefur enn fremur mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins 2014 um vistgerðir sem þarfnast sérstakrar verndar. Þar (í síðustu tveimur vistunum) er ríkt fuglalíf og mikilvæg varplönd þúfutittlings (*Anthus pratensis*), hrossagauks (*Gallinago gallinago*), spóa (*Numenius phaeopus*), heiðlóu (*Pluvialis apricaria*), lóuþræl (*Calidris alpina*), rjúpu (*Lagopus mutus*), jaðrakan (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*), óðinshani (*Phalaropus lobatus*), lóuþræll (*Calidris alpina*), stökkönd (*Anas platyrhynchos*), urtönd (*Anas crecca*), grafönd (*Anas acuta*) og álft (*Cygnus cygnus*).

Talningar af Suðurlandi¹² sýna marktæka fækkun á fimm helstu mófuglategundum landsins, þar á meðal heiðlóu, lóuþræl, spóa, stelk og þúfutittlingi. Á nýbirtum válista fugla frá Náttúrufræðistofnun³ hafa margar mófuglategundir færst um flokk/flokka frá síðustu flokkun árið 2018 og teljast nú almennt í meiri hættu en 2018.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. Bird Study, bls. 1-13.

³ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>